

N-lax ehf.
Laxamýri
641 Húsavík

Reykjavík, 21. apríl 2021
UST202004-294/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 1. nóvember 2019 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávíka er fram komu í eftirliti í N-lax, Auðbrekku, þann 10. júlí 2019.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. Gr. 18 í lögum 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda sem unnin er á grundvelli áhættumats skal liggja fyrir. Áhættumat hafði ekki verið gert fyrir starfsemina. **Áhættumati var skilað dags. 29. nóvember 2019 og telst fullnægjandi.**
2. Umfang starfsleyfis. Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Miðað við uppgefna fóðurnotkun og fóðurstuðul var framleiðsla stöðvarinnar umfram þau tæpu 20 tonn sem eru talin upp í framleiðsluskýrslu rekstraraðila. **Framleiðslumagn fyrir árið 2019 var 17,1 tonn. Rekstraraðili hefur nú betur hagrætt m.t.t magns á milli Laxamýri og Auðbrekku til að tryggja að framleiðsla stöðvarinnar verði innan 20 tonna.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 92.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur